



Fréttatilkynning
26 Apríl 2024 11:30:00 GMT

Íslandsbanki birtir afkomu fyrsta ársfjórðungs 2024 þann 2. maí 2024. Rafrænn afkomufundur verður föstudaginn 3. maí 2024

Íslandsbanki mun birta afkomu fyrsta ársfjórðungs 2024 eftir lokun markaða þann 2. maí 2024. Rafrænn afkomufundur verður föstudaginn 3. maí 2024 klukkan 8.30.

Íslandsbanki mun halda rafrænan afkomufund föstudaginn 3. maí 2024 kl. 8.30 fyrir fjárfesta og markaðsaðila. Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri og Ellert Hlöðversson, fjármálastjóri munu kynna afkomu bankans og helstu atriði í rekstri hans á ársfjórðungnum. Fundurinn fer fram á ensku.

Fundurinn verður aðgengilegur í gegnum hlekk á vefsvæði [fjárfestatengsla](#) á vef bankans. Upptaka af fundinum verður aðgengileg á sama stað að honum loknum. Þátttaka, og möguleikinn á að bera fram skriflegar spurningar, fer fram á [þessari síðu](#). Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar munnlega með því að skrá sig á [þessari síðu](#). Að skráningu lokinni færðu afhent símanúmer og auðkenni fyrir fundinn. Allar upplýsingar um fundinn má finna [hér](#).

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaeiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavini sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið A3 frá Moody's Investor Services og BBB+/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Viðhengi

[Íslandsbanki birtir afkomu fyrsta ársfjórðungs 2024 þann 2. maí 2024. Rafrænn afkomufundur verður föstudaginn 3. maí 2024](#)